

Ed.

424. Frumvarp til laga

um girðingar kringum hverri og laugar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er að afgirða hverri og laugar (50° C og þar yfir), sem í byggð eru eða svo nærri byggð, að mönnum geti stafað hættu af fyrir líf eða línu, að dómi sveitarstjórnar. Skal girðingin vera svo traust, að tilgangi þessum sé náð.

Sveitarstjórn skal semja skrá um þá hverri og laugar, sem girða skal, og tilkynna eigendum. Einnig skal hún kveða á um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingarskylda samkvæmt 1. gr. hvílir á eiganda hvers og laugar. Sé slíkum girðingum eigi komið upp innan árs frá gildistöku laga þessara, skal lögreglustjóri héraðsins láta setja þær upp á kostnað eigenda, og má taka kostnaðinn lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.